

GJALDSKRÁ

vegna vinnslu og heilbrigðiseftirlits með hvalaafurðum.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Vegna eftirlits Matvælastofnunar með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt, aðstöðu í hrefnuveiðiskipum og heilbrigðisskoðun á hvalaafurðum, innheimtir stofnunin gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir sérfræðing á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin samkvæmt reglugerð nr. 489/2009 um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjaldið skal vera:

- a. Eftirlit sem framkvæmt er á dagvinnutíma (frá kl. 8.00 til kl. 17.00) 9.818 kr./klst.
- b. Eftirlit sem framkvæmt er á yfirvinnutíma (frá kl. 17.00 til kl. 8.00) 14.506 kr./klst.

2. gr.

Ferðakostnaður.

Matvælastofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. gr.

Gjald vegna útgáfu starfsleyfis fyrir verkunarstöðvar og hrefnuveiðiskip.

Matvælastofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu starfsleyfa fyrir hrefnuveiðiskip, sbr. 4. gr. og fyrir verkunarstöðvar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 489/2009. Gjaldið skal vera:

- a. Starfsleyfi fyrir hrefnuveiðiskip, kr. 39.270 (4 klst.).
- b. Starfsleyfi fyrir verkunarstöðvar fyrir hvalkjöt, kr. 157.080 (16 klst.).

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar. Hafi útgáfa starfsleyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Matvælastofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

4. gr.

Útgáfa uppruna- og heilbrigðisvottorða.

Matvælastofnun innheimtir gjald sem nemur hálfu tímagjaldi, til að standa undir kostnaði vegna útgáfu uppruna- og heilbrigðisvottorða, kr. 4.909 pr. vottorð.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Matvælastofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

5. gr.

Kostnaður vegna sýnatöku og rannsóknna.

Kostnaður við sýnatökur og rannsóknir sýna, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 489/2009 skal greiddur af starfsleyfishafa.

6. gr.

Innheimta.

Gjalddagi skal vera 15 dögum frá útgáfu reiknings. Eindagi gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir gjalddaga. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi, sé reikningur ekki greiddur á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

7. gr.
Annáð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 25. og 26. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 20. gr. reglugerðar nr. 489/2009. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur gjaldskrá nr. 210/2018 brott.

Matvælaráðuneytinu, 30. mars 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Kolbeinn Árnason.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2022